

LÖG SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS

1. KAFLI - NAFN, LÖGHEIMILI OG VARNARÞING

1. gr.: Nafn, lögheimili og varnarþing

Félagið heitir Sjúkraliðafélag Íslands, skammstafað SLFÍ. Lögheimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði þess er allt landið.

2. KAFLI – MARKMIÐ OG VERKEFNI

2. gr.: Markmið félagsins og verkefni

Markmið Sjúkraliðafélags Íslands er að:

- standa vörð um hagsmuni félagsmanna, vernda réttindi þeirra og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum.
- vinna að samstöðu félagsmanna og efla samheldni stéttarinnar m.a. með útgáfustarfsemi, fræðslufundum, skemmtunum og annarri félagsstarfsemi.
- stuðla að aukinni og bættri menntun félagsmanna.
- hvetja félagsmenn til að viðhalda hæfni sinni og auka þekkingu sína.
- annast gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn og standa vörð um áunnin réttindi.
- hafa samvinnu við hliðstæð erlend samtök.
- upplýsa og þjálfa trúnaðarmenn félagsins.
- gæta virðingar stéttarinnar og vera málsvari hennar.
- efla samvinnu og samstarf þeirra sem starfa við heilbrigðisþjónustu svo og annarra opinberra starfsmanna.

3. KAFLI – FÉLAGSAÐILD – ÚRSÖGN

3. gr.: Réttur til aðildar að félaginu

Sjúkraliðar sem lokið hafa námi við viðurkennda skóla, sem njóta viðurkenningar viðkomandi ráðuneytis, Embætti landlæknis og Sjúkraliðafélags Íslands. Einnig eiga rétt til aðildar að félaginu einstaklingar menntaðir í hjúkrun sem leggja má að jöfnu við sjúkraliðanám eða hluta af sjúkraliðanámi.

4. gr.: Innganga í félagið

Einstaklingur sem óskar aðildar að félaginu skal sanna stjórn félagsins réttindi sín með framlagningu leyfisbréfs útgefna af Embætti landlæknis.

5. gr.: Fagfélagsaðild

Sjúkraliðar sem starfs síns vegna er skylt að eiga aðild að öðru stéttarfélagi, skulu hafa rétt til fagaðildar að félaginu.

Fagfélagar hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt í öllum málum félagsins, öðrum en þeim er varða kjara- og samningamál. Sjúkraliði sem sótt hefur um fagfélagsaðild greiðir sérstakt fagfélagsgjald árlega til félagsins sem ákveðið er á fulltrúapingi.

6. gr.: Sjúkraliðanemar

Sjúkraliðanemum er heimilt að gerast aðilar að félaginu meðan á námi stendur. Nemar sem greiða félagsgjöld til félagsins af launum skulu njóta fyrirgreiðslu félagsins varðandi meðferð og túlkun kjarasamninga, réttindamál og félagslega þjónustu. Nemar hafa tillögu- og málfrelsi, án atkvæðisréttar um málefni félagsins.

7. gr.: Merki félagsins

Merki félagsins “blómgaður lífssproti er vex upp af tveimur hjörtum” (stílfærð mynd af hjartatvíblöðku; *Listera cordata*). Merkið er eign félagsins.

8. gr.: Félagsnæla

Félagsnælan er úr silfri og er eign félagsins. Sjúkraliði greiðir ákveðna upphæð í eitt skipti fyrir heimild til að bera hana. Við fráfall, úrsögn úr félaginu, eða brottvikningu úr félaginu, skal nælunni skilað til félagsins, án endurgjalds.

9. gr.: Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast skrifstofu félagsins. Telst viðkomandi gengin úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn barst enda sé hann skuldlaus við félagið. Þrátt fyrir úrsögn úr félaginu getur einstaklingur verið skyldugur til að greiða gjald til félagsins meðan hann tekur laun og nýtur annarra kjarasamningsbundinna réttinda samkvæmt kjarasamningi þess.

10. gr.: Brottvikning úr félaginu

Allir sem aðild eiga að félaginu, eru skyldugir að hlýða lögum þess. Félagsstjórn getur vikið aðila úr félaginu hafi hann misnotað nafn félagsins, eða orðið sekur um meiriháttar brot er varpað gæti rýrð á starfsheiður stéttarinnar eða fyrir ítrekuð brot gegn lögum félagsins, samþykktum þess eða hagsmunum. Félagsmaður á rétt á að bera ákvörðun stjórnar um brottvikningu úr félaginu undir úrskurð fulltrúapings. Einfaldur meirihluti ógildir fyrri ákvörðun stjórnar um brottvikningu.

4. KAFLI – SVÆÐISDEILDIR

11. gr.: Svæðisdeildir

Innan Sjúkraliðafélags Íslands eru starfandi sjálfstæðar svæðisdeildir sem skiptast að meginreglu eftir heilbrigðisumdæmum.¹ Hver svæðisdeild kys sér stjórn og fer að lögum félagsins og reglum svæðisdeilda. Nöfn og starfssvæði deildanna eru:

- Svæðisdeild Höfuðborgarsvæðisins.
- Svæðisdeild Suðurnesja.
- Svæðisdeild Vesturlands.
- Svæðisdeild Vestfjarða.
- Svæðisdeild Norðurlands vestra – frá og með Gljúfurá að Siglufirði.
- Svæðisdeild Norðurlands eystra – frá og með Siglufirði að og með Langanesi.
- Svæðisdeild Austurlands.

¹ Sjá viðauka I

- Svæðisdeild Suðurlands að Vestmannaeyjum frátöldum.
- Svæðisdeild Vestmannaeyja.

5. KAFLI – SÉRDEILDIR

12. gr.: Deild sjúkraliða með sérnám

Deild sjúkraliða með sérnám starfar á landsvísu og vinnur að framgangi hjúkrunar og viðurkenningu á aukinni menntun sjúkraliða. Hún skal vera stjórn félagsins og nefndum til ráðgjafar. Deildin setur sér starfsreglur sem staðfestar eru af stjórn félagsins.

13. gr.: Lífeyrisdeild

Heimilt er að starfrækja innan félagsins lífeyrisdeild. Deildin starfar á landsvísu og fer að lögum félagsins. Deildin setur sér starfsreglur sem staðfestar eru af stjórn félagsins.

6. KAFLI – FULLTRÚAÞING OG HLUTVERK ÞESS

14. gr.: Fulltrúaþing

Fulltrúaþing fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Skal það haldið árlega á tímabilinu apríl – maí. Til fulltrúaþings skal boða með sannarlegum hætti a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Með fundarboðinu skulu fylgja dagskrá þingsins, reikningar félagsins fyrir liðið ár og tillögur sem verða lagðar fyrir þingið.

15. gr.: Fjöldi þingfulltrúa

Félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands sendir stjórnnum svæðisdeilda tilkynningu um fjölda fulltrúa á fulltrúaþing hverju sinni, á grundvelli félagatals næstliðinna áramóta. Fulltrúar skulu kosnir á aðalfundi svæðisdeildanna. Hver deild skal eiga einn fulltrúa. Þegar félagatal stendur á heilu hundraði fær deildin næsta fulltrúa sinn. Félagatal skal miða við áramót. Fulltrúar á þingi SLFÍ:

1. Félagsstjórn. Formenn svæðisdeilda sem sæti eiga í félagsstjórn sitja fulltrúaþing án atkvæðisréttar, hafi þeir ekki verið kjörnir þingfulltrúar sinnar svæðisdeildar.
2. Kjörnir fulltrúar deilda.
3. Allar starfsnefndir félagsins skulu sitja fulltrúaþing, án atkvæðisréttar séu þeir ekki kjörnir fulltrúar.
4. Fulltrúi deildar sjúkraliða með sérnám hefur málfrelsi og tillögurétt um mál er varðar deildarféлага sérstaklega.
5. Fulltrúi lífeyrisdeildar á rétt til setu á fulltrúaþingi með málfrelsi og tillögurétt um málefni er varðar deildarféлага sérstaklega.
6. Félagsmenn hafa rétt til setu á fulltrúaþingi með málfrelsi, án tillögu- eða atkvæðisréttar.

16. gr.: Tillögur félagsmanna

Félagsmaður sem koma vill á framfæri tillögum, eða vekja athygli fulltrúaþings á málefnum, skal koma erindum sínum á framfæri við stjórn viðkomandi deildar fyrir lok desembermánaðar.

Mál eða tillögur til fulltrúaþings þurfa að berast félagsstjórn fyrir 1. febrúar. Málefni eða tillögur sem ekki hafa borist á tilsettum tíma fyrir félagsstjórn, er heimilt að leggja fyrir þing, en til þess þarf samþykki $\frac{3}{4}$ þingfulltrúa. Málefni sem berast fulltrúaþingi með þessum hætti og teljast stefnumarkandi í meginatriðum fyrir félagið eða félagsmenn fá ekki fullnaðarafgreiðslu fyrr en á

næsta fulltrúapingi. Heimilt er félagsstjórn að boða til aukapings ef málefni er svo brýnt að það þoli ekki að bíða næsta þings.

17. gr.: Lögmæti fulltrúapings

Fulltrúaping er lögmætt ef rétt er til þess boðað og a.m.k. 4/5 fulltrúa eru mættir.

18. gr.: Dagskrá fulltrúapings

- a. Þingsetning.
- b. Nafnakall þingfulltrúa.
- c. Kosning starfsmanna þingsins, forseta, varaforseta og tveggja þingritara.
- d. Skýrsla stjórnar.
- e. Reikningar félagsins og sjóða á vegum þess.
- f. Ákvörðun félagsgjalda.
- g. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram til samþykktar.
- h. Tillögur að lagabreytingum.
- i. Starfsreglur fyrir sjóði og deildir félagsins eða breytingar á þeim.
- j. Lýst formannskjöri
- k. Kosning til stjórnar. Kosið er í embætti varaformanns, ritara og gjaldkera, auk varamanna í störf gjaldkera og ritara.
- l. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafn margra til vara.
- m. Kosning fastanefnda samkvæmt lögum félagsins, þ.m.t. fulltrúa félagsins á bandalagsþing og aðalfundi BSRB.
- n. Önnur mál.

7. KAFLI – STJÓRN FÉLAGSINS

19. gr.: Félagsstjórn

Félagsstjórn skipa, formaður kjörinn í allsherjaratkvæðagreiðslu til þriggja ára. Varaformaður, ritari, gjaldkeri og varamenn fyrir ritara og gjaldkera skulu kosnir á fulltrúapingi til tveggja ára. Formenn svæðiseilda eru sjálfkjörnir í félagsstjórn eða varaformaður viðkomandi deildar í forföllum formanns. Endurkjör stjórnarmanna er heimilt.

20. gr.: Hlutverk félagsstjórnar

Félagsstjórn hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli fulltrúapinga og ber hverjum félagi að hlíta fyrirmælum hennar, en hefur rétt til að skjóta ágreiningsmálum sínum til næsta fulltrúapings, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Verkefni félagsstjórnar eru m.a.:

- a. Koma fram sem málsvari félagsins.
- b. Gæta sjóða og eigna félagsins í samræmi við fyrirmæli laga og fjárhagsáætlunar.
- c. Gefa árlega skýrslu um starfsemi félagsins til fulltrúapings.
- d. Fylgjast með rekstri og framgangi svæðiseildanna og hlúa að starfsemi þeirra og miðla fréttum af starfi sínu.

21. gr.: Sérstakar starfsnefndir stjórnar

Félagsstjórn er heimilt að skipa starfsnefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum. Hver nefnd kýs sér formann og skal hann leggja niðurstöður nefndarinnar fyrir félagsstjórn áður en þær eru kynntar á öðrum vettvangi.

22. gr.: Fundur félagsstjórnar

Formaður kallar saman stjórnarfund, hefur eftirlit með allri starfsemi félagsins og gegnir öðrum venjulegum stjórnarstörfum. Formaður skal halda fundi með félagsstjórn eigi sjaldnar en þrisvar á ári.

Formaður stýrir fundum félagsstjórnar og boðar til funda þegar hann telur ástæðu til. Honum er skylt að kveða stjórnina saman til fundar ef a.m.k. helmingur stjórnarmanna óskar þess. Stjórnarfund skal boða með dagskrá á tryggilegan hátt, með minnst viku fyrirvara. Fundir eru lögmætir ef rétt er til þeirra boðað og meirihluti stjórnarmanna er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfund, falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

23. gr.: Framkvæmdastjórn

Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri mynda framkvæmdastjórn félagsins. Stjórnin annast framkvæmd á ákvörðunartökum fulltrúaþings og félagsstjórnar. Sér um daglegan rekstur félagsins í umboði félagstjórnar. Framkvæmdastjórn skal að jafnaði halda fundi tvisvar í mánuði. Varamenn framkvæmdastjórnar skulu aðeins tilkvaddir sé um langvarandi forföll stjórnarmanna að ræða. Framkvæmdastjórn skal sjá um heildarendurskoðun á lögum félagsins.

24. gr.: Formannskjör

Formaður félagsins skal kosinn í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Kjörnefnd skal auglýsa eftir frambjóðendum til formannskjörs eigi síðar en í janúarlok. Auglýsing skal birt í Sjúkraliðanum, á heimasíðu félagsins og í viðurkenndum fjölmiðli.

Frambjóðendur skulu senda kjörnefnd skriflega tilkynningu um framboð sitt a.m.k. 30 dögum fyrir fulltrúaþing SLFÍ.

Einungis félagsmenn með fulla aðild að félaginu, sem ekki hafa gerst brotlegir við siðareglur félagsins, eru kjörgengir í embætti formanns.

Hljóti tveir frambjóðendur jafnmörg atkvæði skal kosið aftur á milli þeirra.

Láti formaður af embætti áður en kjörtímabili lýkur tekur framkvæmdastjórn SLFÍ ákvörðun um lausn málsins, þar til nýr formaður er kosinn.

8. KAFLI – FJÁRMÁL

25. gr.: Fjármál

Fulltrúaþing ákveður árlega gjöld félagsmanna í félagssjóð og annast félagið innheimtu þeirra. Heimilt er að draga félagsgjaldið frá launum félagsmanna. Fulltrúaþing skal ennfremur ákveða fagfélagsgjöld og annast félagið innheimtu þeirra. Lífeyrisþegar skulu undanþegnir greiðslu félagsgjalda. Hafi félagismaður ekki greitt gjöld sín til félagsins í tvö ár, missir hann öll félagsleg réttindi þar til skuldin er greidd eða um hana samið. Sjóði félagsins skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum.

26. gr.: Félagskjörnir skoðunarmenn

Fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands kys tvo skoðunarmenn og jafn marga til vara til eins árs í senn. Skoðunarmenn hafa eftirlit með fjárreiðum félagsins milli þinga endurskoða bókhald þess svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Endurskoðun ársreikninga skulu skoðunarmenn hafa lokið eigi síðar en tveimur vikum eftir að reikningar félagsins liggja fyrir, skýrslu um störf sín skulu þeir leggja fram við formann félagsins. Heimilt er skoðunarmönnum félagsins að kveða sér til aðstoðar löggiltan endurskoðanda. Leiði athugun skoðunarmanna í ljós verulega galla á bókhaldi eða eignarvörslu, skulu þeir án tafar gefa félagsstjórn skýrslu þar um og ber henni þá þegar að gera viðeigandi ráðstafanir.

27. gr.: Sjóðir í eigu félagsins

Úr félagssjóði skal greiða nauðsynlegan kostnað vegna starfsemi félagsins. Auk Félagsjóðs á Sjúkraliðafélag Íslands Verkfalls- og vinnudeilusjóð, Orlofsheimilasjóð, Minningarsjóð, Starfsmenntasjóð, Starfsþróunarsjóð og Fræðslusjóð. Um starfsemi sjóðanna skal setja reglur sem staðfesta skal á fulltrúaðingi. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Sjúkraliðafélag Íslands á að auki hlutdeild í Styrktarsjóð BSRB.

9. KAFLI – NEFNDIR KJÖRNAR Á FULLTRÚAÞING

28. gr.: Kjörstjórn

Fulltrúaðing kys fimm fulltrúa og þrjá til vara í kjörstjórn til tveggja ára. Hlutverk kjörstjórnar er:

1. Að hafa yfirumsjón með kjöri fulltrúa á fulltrúaðing, kanna kjörbréf þeirra og skila álitinu í upphafi þings, samanber ákvæði 17. gr. laga félagsins.
2. Að undirbúa og stjórna allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun samkvæmt 15. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
3. Að undirbúa og stjórna allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamninga og frestun eða loka verkfalls samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar og kjaramálanefndar.
4. Sjá um allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör formanns samkvæmt 19. gr.
5. Að undirbúa og annast aðrar atkvæðagreiðslur eða kosningar sem stjórn eða fulltrúaðing, felur kjörstjórn sérstaklega.
6. Kjörstjórn úrskurðar um úrslit í atkvæðagreiðslum og kosningum, um vafaatkvæði og önnur ágreiningsatriði sem upp koma í atkvæðagreiðslum sem hún annast.

29. gr.: Kjaramálanefnd

Fulltrúaðing kys átta félagsmenn beinni kosningu til að starfa í kjaramálanefnd. Kjörtímabil nefndarinnar er tvö ár. Kosning í nefndina skal fara fram árlega og kosnir fjórir fulltrúar hverju sinni. Endurkjör er heimilt. Formaður SLFÍ er sjálfkjörinn í nefndina og er formaður hennar. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir og valdir úr hópi starfandi félagsmanna á landsbyggðinni, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins. Kjaramálanefnd skal í samráði við félagsstjórn og trúnaðarmannaráð annast:

1. Undirbúning kröfugerðar vegna kjarasamninga.
2. Fylgjast með efnahags- og kjaramálum og veita félagsmönnum upplýsingar um þau efni.
3. Taka ásamt félagsstjórn, ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalla, samanber ákvæði 38. gr. laga þessa.

4. Undirskrift kjarasamninga skal gerð með fyrirvara um samþykki félagsmanna að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Við breytingu á kjarasamningi á samningstímabilinu er ekki skylt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu.
5. Heimilt er, með samþykki kjaramálanefndar og félagsstjórnar félagsins að afgreiða kjarasamninga á almennum félagsfundi.

30. gr.: Siðanefnd

Siðanefnd er skipuð þremur félagsmönnum auk varamanns. Nefndin skal kjörin til tveggja ára með beinni kosningu á fulltrúabingi félagsins. Stjórnarmenn eru ekki kjörgengir til setu í Siðanefnd. Siðanefnd er umsagnaraðili ef ástæða þykir til að víkja félagsmanni úr félaginu vegna alvarlegra brota gegn hagsmunum félagsins eða félagsmanna samanber 10. gr. laganna. Starfsreglur Siðanefndar og breytingar á þeim skulu lagðar fyrir fulltrúabing félagsins til staðfestingar.

31. gr.: Laganefnd

Laganefnd skipuð þremur félagsmönnum auk varamanns, skal kosin á fulltrúabingi til tveggja ára. Hlutverk laganefndar er að taka til umsagnar tillögur um breytingar á lögum sem stjórn berast. Tillögur laganefndar um breytingu á lögum félagsins eða tillögur annarra sama efnis skulu sendar þingfulltrúum a.m.k. tveimur vikum fyrir boðað fulltrúabing, samanber 14. gr. laganna.

32. gr.: Ritnefnd

Ritnefnd skipuð þremur félagsmönnum, auk varamanns skal kosin á fulltrúabingi til þriggja ára. Hlutverk ritnefndar er að koma að útgáfu tímaritsins.

33. gr.: Orlofsheimila- og ferðanefnd

Orlofsheimila- og ferðanefnd skipuð þremur félagsmönnum, auk varamanns skal kosin á fulltrúabingi til tveggja ára. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að orlofsmálum félagsmanna með uppbyggingu orlofsheimila og skipulagningu orlofsferða.

34. gr.: Fræðslunefnd

Fræðslunefnd skipuð þremur félagsmönnum og einum til vara, skal kosin á fulltrúabingi til tveggja ára. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að aukinni menntun félagsmanna.

35. gr.: Uppstillingarnefnd

Uppstillingarnefnd skipuð fimm félagsmönnum auk tveggja til vara, skal kosin á fulltrúabingi til þriggja ára. Kjörtími skal fylgja kjörtíma formanns félagsins. Hlutverk uppstillingarnefndar er að gera tillögu um félagi í stjórn, nefndir, ráð og önnur störf eða embætti sem fulltrúabing kýs, þ.m.t. fulltrúa félagsins á bandalagsþing og aðalfundi BSRB.

36. gr.: Umboð starfsnefnda

Starfsnefndir kjörnar af fulltrúabingi SLFÍ, skulu starfa í umboði og á ábyrgð stjórnar félagsins.

10. KAFLI – ATKVÆÐAGREIÐSLUR

37. gr.: Ákvörðun um boðun verkfalls

Félagsstjórn, trúnaðarmannaráð og kjaramálanefnd skulu í umboði fulltrúapings taka ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalls. Ákvörðun um boðun verkfalls skal tekin í leynilegri almennri atkvæðagreiðslu meðal þeirra félagsmanna sem samningurinn tekur til samanber 15. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Til þess að samþykkja verkfallsboðun þarf a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meirihluti þeirra samþykkja hana.

38. Atkvæðagreiðsla um kjarasamning

Kjarasamningur skal samþykktur fyrir hönd félagsins af til þess bærum aðilum með fyrirvara um samþykki félagsmanna, sem fengið skal með allsherjaratkvæðagreiðslu. Einstökum svæðis- eða sérdeildum innan Sjúkraliðafélags Íslands skal heimilt að afgreiða kjarasamning, með atkvæðagreiðslu á almennum félagsfundi, að fengnu samþykki stjórnar og kjaramálanefndar, enda beinist kjaradeilan eingöngu gegn þeim viðsejanda sem í hlut á, á viðkomandi starfsvettvangi eða félagssvæði. Um kjarasamninga skal fara fram leynileg almenn atkvæðagreiðsla meðal þeirra starfsmanna sem samningurinn tekur til. Úrslitum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða. Kjörskrá skal miða við félagatal Sjúkraliðafélags Íslands í þeim mánuði sem allsherjaratkvæðagreiðslan fer fram.

11. KAFLI – TRÚNAÐARMENN – TRÚNAÐARMANNARÁÐ

39. gr.: Trúnaðarmenn

Á hverjum vinnustað þar sem félagsmenn vinna skal valinn trúnaðarmaður með réttindum og skyldum samkvæmt V. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Val trúnaðarmannsins skal þegar tilkynna til skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands. Trúnaðarmaður skal kosinn til tveggja ára. Kosningu skal lokið fyrir 1. október. Hætti trúnaðarmaður störfum áður en kjörtímabil hans lýkur, skal kjósa trúnaðarmann í hans stað. Berist ekki tilkynning til skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands um val trúnaðarmanns í stað þess sem hettir, skal félagsstjórnin eða framkvæmdastjórnin í umboði hennar skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það stjórn viðkomandi svæðisdeildar, vinnufélögum og stjórnanda vinnustaðarins.

40. Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmannaráð skal starfrækt á vegum og vettvangi Sjúkraliðafélags Íslands. Formaður félagsins er samhliða formaður Trúnaðarmannaráðsins. Í trúnaðarmannaráði eru allir kjörnir eða skipaðir trúnaðarmenn félagsins. Að auki eiga seturétt á fundum trúnaðarmannaráðs með málfrelsi og tillögurétt félagsstjórn, formenn deilda og kjaramálanefnd. Trúnaðarmannaráð skal kallað saman a.m.k. einu sinni á ári og skal það að jafnaði standa yfir í einn dag. Formaður trúnaðarmannaráðs kallar það saman til fundar og stýrir fundum þess. Formaður kemur ályktunum og samþykktum trúnaðarmannaráðsins á framfæri við félagsstjórn og aðra eftir atvikum og fylgir þeim eftir. Formaður skal kalla trúnaðarmannaráðið saman ef a.m.k. 25% trúnaðarmanna krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Fulltrúaping setur trúnaðarmannaráði starfsreglur samkvæmt tillögum félagsstjórnar.

12. KAFLI – LAGABREYTINGAR

41. gr.: Lagabreytingar

Lögum félagsins má aðeins breyta á fulltrúaþingi. Úrslitum um lagabreytingar ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða, enda sitji fundinn a.m.k. 2/3 hluti kjörinna fulltrúa. Á fulltrúaþingi er heimilt að leggja fram breytingartillögur við löglega frambornar tillögur til lagabreytinga, enda feli breytingatillaga ekki í sér óskyld efni við upphaflegu tillöguna. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn Sjúkraliðafélags Íslands eigi síðar en sex vikum fyrir fulltrúaþing.

Lög félagsins eins og þau eru hér birt, voru samþykkt eftir heildarendurskoðun á lögum félagsins, á 29. fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands, þann 10. september 2020. Með samþykkt laga þessa falla eldri lög Sjúkraliðafélags Íslands úr gildi.

